

Starfsreglur lýðheilsusjóðs

Úthlutunarreglur fyrir Lýðheilsusjóð.

Hlutverk lýðheilsusjóðs, með vísan í reglugerð um Lýðheilsusjóð nr. 1260/2011, er að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum laga um landlækni og lýðheilsu, bæði innan og utan embættisins, í þeim tilgangi að stuðla að heilsueflingu og forvörnum.

Viðmið við ráðstöfun

Við úthlutun úr Lýðheilsusjóði skal stjórn sjóðsins styðjast við neðangreind viðmið:

- ✓ Verkefni sem eru í samræmi við stefnu og áætlanir stjórnvalda í lýðheilsumálum.
- ✓ Gildi og mikilvægi verkefnis fyrir lýðheilsu.
- ✓ Kynja- og búsetudreifingu.
- ✓ Umsóknir um styrk til verkefna skulu vera faglega unnar og byggja á niðurstöðum rannsókna eða á sambærilegum faglegum gögnum. Umsóknum skal fylgja fjárhagsáætlun.
- ✓ Verkefni skulu vera með skýr markmið og skal gerð grein fyrir áætluðum árangri.
- ✓ Gera skal grein fyrir með hvaða hætti árangur verði metinn.
- ✓ Styrkir eru almennt veittir félögum, samtökum og opinberum aðilum.
- ✓ Einstaklingum er að jafnaði einungis veittir styrkir til rannsóknarverkefna.
- ✓ Að öllu jöfnu er ekki úthlutað hærri upphæð til verkefna á vegum sveitarfélaga eða stofnana en þeirra eigið framlag.
- ✓ Hafi umsækjandi áður fengið styrk til verkefnis þarf að liggja fyrir lokaskýrsla, ef um framhaldsverkefni er að ræða skal liggja liggja fyrir framvinduskýrsla, um framkvæmd þess verkefnis.
- ✓ Styrkir sem eru hærri en 1.500.000 kr. eru að jafnaði greiddir í tvennu lagi og síðari hluti einungis gegn framvinduskýrslu og öðrum umbeðnum gögnum.
- ✓ Ekki eru veittir styrkir til almenns reksturs stofnana eða félagasamtaka eða til kaupa á húsgögnum eða öðrum húsbúnaði.
- ✓ Ekki eru veittir styrkir til ráðstefnuhalds.

- ✓ Ekki eru veittir styrkir til verkefna sem eru í hagnaðarskyni umsækjanda.
- ✓ Umsókn ásamt fylgigögnum skal senda innan frestsins sem getið er um í auglýsingu.
- ✓ Umsóknir sem berast eftir lok auglýsts umsóknarfrests eru ekki teknar til umfjöllunar.
- ✓ Stærri umsóknaraðilum skal gert kleift að sækja um fleiri en eitt verkefni í einni umsókn. Í þeim tilvikum skal fylgja verkefnalisti með ítarlegri fjárhagsáætlun. Gerðar eru auknar kröfur um skýrslu og fjárhagsuppgjör að verkefnum loknum.
- Styrkþegar skulu skila stjórn Lýðheilsusjóðs skýrslu og fjárhagsuppgjóri að verkefni loknu. Aðili sem hlýtur styrk og skilar ekki fullnægjandi skýrslu og uppgjóri getur verið endurkrafinn um veittan styrk og útilokaður frá frekari styrkveitingum.

Þegar stjórn Lýðheilsusjóðs óskar er styrkþega skylt að gera stjórninni grein fyrir gangi verkefnisins, ráðstöfun styrks og fjármögnun verkefnisins.

Með því að þiggja styrk samþykkir styrkþegi að veita EL aðgang að ópersónugreinanlegum gögnum ári eftir gagnasöfnun, sé þess óskað.

Með allar umsóknir, upplýsingar um verkefni, samstarfsaðila og annað sem fram kemur í umsókn, fylgigögnum og sérstökum upplýsingum til stjórnar Lýðheilsusjóðs fer stjórnin með sem trúnaðarmál, sbr. þó 1. tölul. 3. mgr. 5. gr. Reglugerðar um Lýðheilsusjóð. (Nr. 1260/2011) þar sem fram kemur að óska megi eftir umfjöllun annarra aðila á umsókn.

Reglur þessar eru samþykktar af stjórn Lýðheilsusjóðs 17. janúar 2017 og taka gildi strax.